

sé hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. október 1937.

Nr. 14/1936. **Metusalem Jóhannsson**

(Eggert Claessen)

gegn

**Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h.
bæjarsjóðs og Garðari Þorsteinssyni.**

(Garðar Þorsteinsson).

Áfrýjað er lögtaki, gjörðu í fógetarétti Reykjavíkur 28. okt. 1935, og uppboðsgjörð, er fram fór 3. desember 1935.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1934 var áfrýjanda, Metusalem Jóhannssyni, gert að greiða kr. 8800.00 til Reykjavíkurbæjar. Hver fimmtungur útsvarsins féll í gjalddaga 1. hvers mánaðanna júní til október 1934. Hinn 11. september sama ár gerði bæjargjaldkeri kröfu um, að ógreiddir 4/5 hlutar útsvars þess árs yrðu teknir lögtaki, og var útsvar áfrýjanda þar á meðal. Hinn 13. s. m. kvað fógeti síðan upp úrskurð skv. 3. gr. lögtakslaganna þess efnis, að lögtak skyldi fram fara fyrir þessum hluta útsvaranna. Er síðasti fimmtungur

útsvaranna var fallinn í gjalddaga, krafðist bæjargjaldkerinn þess þann 15. okt. 1934, að þessi hluti útsvaranna yrði einnig tekinn lögtaki, og var úrskurður fógetans um, að lögtak skyldi fara fram, upp kveðinn sama dag. Fyrst hinn 28. okt. 1935 var fógetaréttur settur til að gera lögtak fyrir útsvari áfrýjanda, og var lögtak gert í eignarhluta hans í firmanu O. V. Jóhannsson & Co. Hafði ríkisskattanefnd með úrskurði uppkveðnum 29. okt. 1934 lækkað útsvar áfrýjanda niður í kr. 7200,00. Hið lögteknar var síðan selt á opinberu uppboði, sem fram fór 3. des. 1935, og varð stefndur Garðar Þorsteinsson hæstaréttarmálflutningsmaður kaupandi.

Lögtaki þessu og eftirfarandi uppboði hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi 29. jan. 1936, skotið til hæstaréttar með stefnu dags. 11. febrúar s. á. Krefst áfrýjandi þess, að lögtakið og uppboðið verði fellt úr gildi og stefndir, bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs og uppboðskaupandi, Garðar Þorseinsson, verði in solidum dæmdir til þess að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Stefndir hafa hinsvegar krafizt þess, að lögtakið og uppboðið verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Rétturinn lítur svo á, að lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, er lögtakið fyrir útsvari áfrýjanda fór fram. Að visu var, samkv. framansögðu, lögtaks beiðzt, áður en ársfrestur sá var liðinn, sem til er skilinn í 2. gr. lögtakslaganna, en hinu skilyrðinu, sem sett er í grein þessari, fyrir því, að lögtaksrétturinn haldist, að lögtaksbeiðninni sé fylgt fram með hæfilegum hraða af lögtaksbeiðanda, hefir ekki verið fullnægt. Ber því þegar af þessari

ástæðu að fella hinar áfrýjuðu réttargjörðir, lögtak og uppboð, úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndir in solidum greiði áfrýjanda kr. 200,00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð og eftirfarandi uppboð skulu úr gildi felld.

Stefndir, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og Garðar Þorsteinsson hæstaréttarmálflutningsmaður, greiði in solidum áfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 200,00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. október 1937.

Nr. 141/1936. **Eypór Hallsson og Sjávatryggingarfélag Íslands h/f** (Theódor B. Línal;) gegn

Hafnarnefnd Siglufjarðar f. h. hafnarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Bætur fyrir spjöll á bryggju.

Dómur sjódóms Siglufjarðarkaupstaðar 28. janúar 1936: Stefndur, skipstjóri Eypór Hallson Siglufirði, eigandi e/s Bjarki SÍ 33 frá Siglufirði, og Sjóvatryggingarfélag Íslands h/f Reykjavík, greiði stefnanda, hafnarnefnd Siglufjarðar, kr. 3580,00 með 5% ársvöxtum frá 8/1 1935 til greiðsludags og mats- og málskostnað með kr. 515,75.

Hið ídæmda að greiða innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.